

41. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Menningarhúsinu Hofi Þriðjudaginn 24. Febrúar 2015 kl. 18:00

Mætt: Ágústa Ólafsdóttir, Finnur Jóhannesson, María H. Tryggvadóttir, Elín Dögg Gunnarsdóttir.
Forfallaðir: Kristján Kristjánsson og Jón Lárusson

Dagskrá:

1. Fyrsti fundur nýrrar hverfisnefndar

Á Aðalfundi Hverfisnefndarinnar 12 nóvember 2014 var kosið í nýja stjórn, bjóðum við Elínu Dögg Gunnarsdóttur og Jón Lárusson velkomin í nefndina. Guðbjörgu Ingimundardóttur, Huldu Sif Hermansdóttur og Arne V. Olsen sem ekki gáfu kost á sér áfram er þakkað fyrir framlag sitt til hverfisins.

2. Afmælistjóðurinn og staða verkefna

Búið er að funda nokkrum sinnum með Jóni Birgi Gunnlaugssyni forstöðumanni Umhverfismála hjá Framkvæmdardeildinni og Ingólfi Jóhannessyni framkvæmdarstjóra Skógræktarfélags Eyfirðinga varðandi verkefnið – útivistarsvæði vestan Síðuskóla. Verið er að vinna í frekari útfærslu á svæðinu og vinna efnið sem nota á. Eftir er að fara yfir endanlegar hugmyndir með Heilbrigðiseftirlitinu. Stefnt er á að hægt verði að halda áfram með stígana á svæðinu í vor þ.e. vinna þá frekar og bera í þá meiri kurl og að sjálf vinnan við útivistarsvæðið hefjist í sumar.

3. Beðin meðfram stíg við Gleráarkirkju.

Sem hluta af umhverfisátakinu óskaði hverfisnefndin eftir að fá beð meðfram stígnum sem liggur frá Gleráarkirkju og austur að Hlíðarbraut. Illa hefur farið fyrir beðunum – þau hafa ekki verið merkt sérstaklega og snjómokstursvélar því eyðilagt mikið af því sem þar var. Óskar hverfisnefndin að beðin séu löguð og þannig frá gengin að það sjáist að þarna séu beð.. t.d. með því að planta í þeim trjám.

4. Jólatré fyrir austan Gleráarkirkju

Mikil ánægja er með að hverfið hafi fengið jólatré síðustu jól og er það ósk okkar að svo verði áfram.

5. Afmælistjóður bæjarins 2015

Varðandi úthlutun ársins í ár óskar nefndin eftir að um helmingur fjármagnsins fari í uppsetningu og framkvæmdir við útivistarsvæðið vestan við Síðuskóla í sumar/haust. Síðan óskar nefndin eftir að gert verði söguskilti fyrir hverfið sem staðsett verði á túninu austan við Gleráarkirkju sem segir sögu hverfisins.

4. Önnur mál: Kynntar hugmyndir frá íbúum sem snúa að úrbættum í hverfinu og til að auka lífsgæði íbúa:

a) Að sett verði upp listaverk eða skúlptúr í hverfinu

b) Minigolfvöllur

c) Klifurveggur á skólalóðina

d) Stór mörk á einhvern fótboltavöll í hverfinu, t.d. á völinn norðan við Móasíðu eða við Síðuskóla eða á túnið hjá Sjafnarhúsinu.

e) Í hverfinu eru margar mjög fallegar göngu-/hlaupaleiðir – er hægt að setja vegalengdarmerkingar á nokkrum skilgreindum "hlaupa-/gönguhringjum"svipað og er í Kjarnaskógi. Til að greina á milli vegalengda má nota mismunandi liti.

f) Að gerð verði gönguleið frá Síðuhverfi upp á veginn við Lögmannshlíð þvert í gegnum móann fyrir vestan hverfið.